

Ed.

530. Lög

um útsvassólagningu erlendra váttryggingarfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí).

1. gr.

Heimilt er að leggja aukaútsvar til bæjar eða hrepps á erlend tryggingar-
arfjetög, sem ekki eru með sjerstökum lögum undanþegin opinberum gjöldum,
þar sem aðalumboðsmaður þeirra hjer á landi er búsettur, eftir veltu og ágóða
fjelagsins af starfsemi sinni hjer á landi.

Ef fjelag hefir fleiri en einn aðalumboðsmann eða vafi er á um það,
hvar aðalumboðsmaður þess er hjer á landi, sker ráðherra úr, hvar útsvar skuli
á fjelagið leggja.

2. gr.

Aðalumboðsmaður ber ábyrgð á greiðslu útsvarsins sem sjálfs sín skuld,
enda má taka eignir hans lögtaki í því skyni.

3. gr.

Lög þessi óðtast þegar gildi.